

**Nd.** **529. Frumvarp til laga** [209. mál]

um breyting á lögum nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Bragi Sigurjónsson, Geir Gunnarsson,  
Jónas Pétursson, Hannibal Valdimarsson.

**1. gr.**

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Ákvæði 50. gr. laga þessara um gagnkvæma ábyrgð hjóna skulu gilda um innheimtu aðstöðugjalds.

**2. gr.**

15. gr. laganna, e-liður orðist svo:  
Að greiða 1% af árlegum tekjum sjóðsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna starfsemi sambandsins og styrkja að öðru leyti eftir ákvörðun ráðherra tilraunir til að koma á betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarfélaga og samstarf þeirra.

**3. gr.**

Við 15. gr. laganna bætist nýr stafliður, f, svo hljóðandi:  
Að greiða sérstakt framlag þeim sveitarfélögum, þar sem íbúum hefur fækkað næstliðið ár, sbr. 20. gr. 5. mgr.

**4. gr.**

4. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:  
Áður en úthlutað er framlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, skal draga frá úthlutunarfénu 4% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr. laga þessara.

5. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár, og skal þá viðkomandi sveitarfélag fá sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. 15. gr. f-lið, enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir 15. júlí ár hvert. Framlagið skal vera meðalútsvar á íbúa í viðkomandi sveitarfélagi næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

6. gr.

30. gr., d-liður orðist svo:

Þó skal skipta útsvari milli sveitarfélaga, ef útsvarsgjaldandi rekur atvinnustöð utan lögheimilissveitar o. s. frv.

7. gr.

30. gr., e-liður orðist svo:

Sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en  $\frac{1}{4}$  af útsvari, sem skipt er skv. d-lið, og eigi o. s. frv.

8. gr.

Á eftir 1. mgr. 61. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1965, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú telur ríkisskattstjóri, að lokinni rannsókn samkvæmt 3. mgr. 37. gr. og 2. og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 90/1965, um tekjuskatt og eignarskatt, ástæðu til að breyta gjöldum, sem á eru lögð samkvæmt lögum þessum, og getur hann þá lagt málið fyrir ríkisskattanefnd, sem ákveða má gjaldþegni gjöld að nýju, þó eigi lengra aftur í tímann en 6 ár. Ætíð skal ríkisskattanefnd gefa gjaldþegni og álagningaráðila kost á að koma athugasemdum sínum að, áður en gjöld eru ákveðin samkvæmt þessari málsgrein. Gjaldldagi gjalda samkvæmt þessari málsgrein er viku eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Um 1. gr.

Í 50. gr. laga nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga, er ákvæði um gagnkvæma ábyrgð hjóna á útsvarsgreiðslum hvort annars, enda búi þau saman, þegar álagning fór fram. Á það hefur reynt í dómsmáli, að ákvæði þetta gildi ekki um aðstöðugjöld, svo sem þó hafði verið talið. Talið var skorta lagaheimild til að gera lögtak í séreign annars hjóna til tryggingar aðstöðugjaldi hins vegna sameiginlegs fyrirtækis þeirra. Miðar ákvæði greinarinnar að því að bæta úr þessum ágalla.

Um 2. gr.

Frá og með árinu 1966 hefur Samband íslenzkra sveitarfélaga fengið árlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga,  $\frac{1}{2}\%$  af tekjum sjóðsins, sbr. lög nr. 43/1966, enda féll þá niður sérstakt framlag í fjárlögum til sambandsins. Framlag þetta nam á árinu 1969 kr. 1 470 280.00, og hefur þetta framlag undanfarin ár verið megingtekjustofn sambandsins, en að öðru leyti hafa tekjur sambandsins verið árgjöld sveitarfélaganna, sem verið hafa óbreytt allt frá árinu 1964 eða kr. 3.00 á íbúa. Vegna aukningar á starfsemi sambandsins á ýmsum sviðum í þágu sveitarfélaganna er sambandinu brýn þörf aukinna tekna. Stjórn sambandsins telur eðlilegt, að jöfnunarsjóðsframlagið verði hækkað, svo sem í greininni er lagt til, frekar en að hækka árgjöld sveitarfélaganna til sambandsins, en jafnframt mun sambandsstjórnin, verði frumvarp þetta að lögum, beita sér fyrir þeirri breytingu á lögum sambandsins, að

bein árgjöld sveitarfélaganna til sambandsins verði felld niður, en þau yrðu hins vegar tekjustofn landshlutasamtaka sveitarfélaganna.

Í sambandi við tekjur Sambands íslenzkra sveitarfélaga og ráðstöfunarfé þess má geta þess, að hliðstæð sambönd á Norðurlöndum hafa margfalt meiri tekjur (miðað við íbúa), t. d. innheimtir Sænska sveitarfélagasambandið árgjöld hjá sveitarfélögunum, sem nema 2½% af tekjum þeirra, og mundi það samsvara því, að Samband íslenzkra sveitarfélaga hefði um 50 millj. króna árstekjur.

#### Um 3. og 5. gr., sbr. 6. og 7. gr.

Skv. 6. og 7. gr. eru felld niður gildandi ákvæði um skiptiútsvör einstaklinga, þ. e. heimild eins sveitarfélags til að krefja annað sveitarfélag um hluta af álögðu útsvari gjaldþegns, sem flutt hefur heimilisfang sitt úr sveitarfélaginu á fyrra ári.

Gildandi reglur um þetta efni, sbr. 30. gr. laga nr. 51/1964, hafa reynzt erfiðar í framkvæmd og hafa bæði valdið sveitarstjórnnum og skattyfirvöldum mikilli vinnu og fyrirhöfn. Hafa mörg sveitarfélög samið sín á milli um gagnkvæma niðurfellingu skiptiútsvara, t. d. sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi ásamt Reykjavíkurborg, en þrátt fyrir það voru á árinu 1968 uppkveðnir um 1000 skiptiútsvarsúrskurðir, og hafði þó mörgum útsvarsskiptikröfum verið synjað, m. a. sem of seint fram komnum.

Mál þetta hefur verið til umræðu meðal sveitarfélaganna og hjá samtökum þeirra á undanförunum árum. Samkomulag hefur nú tekizt milli sveitarfélaganna um að mæla með niðurfellingu skiptiútsvara einstaklinga, enda verði þeim sveitarfélögum, þar sem fólki fækkar, bættur sá skaði með sérstökum framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. samþykkt fulltrúaráðsfundar Sambands íslenzkra sveitarfélaga 16. apríl 1969. Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins yrðu framlögin miðuð við meðaltalsútsvör á íbúa í viðkomandi sveitarfélagi næstliðið ár margfölduð með þeirri tölu, sem íbúum hefði fækkað um. Regla þessi virðist einföld í framkvæmd. Erfitt er að segja um það fyrir fram, hversu mikil útgjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga yrðu vegna ákvæða 3. og 5. gr. frumvarps þessa, en þess má geta, að á árinu 1967 varð íbúafækkun í 97 sveitarfélögum um 748 íbúa og á árinu 1968 varð íbúafækkun í 126 sveitarfélögum um 852 íbúa.

#### Um 4. gr.

Samkvæmt lögum nr. 69/1962, sbr. nú lög nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga, var ráðherra heimilað að halda eftir 1% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr. laganna. Með lögum nr. 67/1965 var hundraðshluti þessi hækkaður í 3% og gert að skyldu að draga þá fjárhæð frá tekjum sjóðsins, áður en úthlutað væri úr honum. Mun sú fjárhæð hafa numið á árinu 1969 um 10,5 millj. króna auk eftirstöðva frá fyrra ári. Fé þetta hefur aðallega gengið til þeirra sveitarfélaga, sem orðið hafa að nota útsvarsstiga að fullu með lögleyfðu hámarksálagi, en hafa þó eigi haft nægilegar útsvarstekjur til að mæta útgjöldum.

Vegna vaxandi erfiðleika hafa æ fleiri sveitarfélög þurft að nota útsvarsstiga með hámarksálagi og jafnframt leitað til Jöfnunarsjóðs um aukaframlög skv. d-lið 15. gr. laga nr. 51/1964. Er því útlit fyrir, að 3% af tekjum Jöfnunarsjóðs muni ekki nægja til þessara aukaframlaga á árinu 1970, og er því í 4. gr. frumvarpsins ákvæði um, að haldið verði eftir 4% af tekjum sjóðsins í þessu skyni.

#### Um 8. gr.

Efni greinarinnar er hliðstætt ákvæði 4. mgr. 42. gr. laga nr. 90/1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skv. greininni yrði ríkisskattanevnd heimilt að leggja á gjöld, þ. e. útsvar og/eða aðstöðugjöld að nýju, ef ríkisskattstjóri telur ástæðu til þess að lokinni skattrannsókn. Vegna þess að slíkt ákvæði hefur ekki verið í tekjustofnalögum, hefur orðið að hafa þann hátt á, þegar skattrannsókn hefur leitt í ljós vantaldar tekjur, að skattrannsóknarstjóri hefur tilkynnt það viðkomandi framtalsnevnd, sem síðan hefur lagt

útsvar að nýju á gjaldþegn eftir almennum reglum, og hefur því viðkomandi gjaldþegn fengið kærufrest til framtalsnefndar og rikisskattanefndar.

Ástæðulaust virðist að hafa annan hátt á um álagningu sveitarsjóðagjalda í slíkum tilvikum en um álagningu tekju- og eignarskatta til rikissjóðs.

Um 9. gr.

Þar eð ákvæði frumvarps þessa varða ekki á neinn hátt álagningu sveitarsjóðagjalda, virðist ekkert því til fyrirstöðu, ef frumvarpið verður samþykkt á yfirstandandi þingi, að lögín öðluðust gildi þá þegar.